

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 11. október 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019, 3. mál

Samtök ferðþjónustunnar (samtökin) vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri í tengslum við breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert er ráð fyrir að afnám afsláttar af vörugjaldi bílaleiga hækki tekjur ríkissjóðs um 1,3 ma.kr. Bílaleigubílar eru eknir nánast einungis af erlendum ferðamönnum og skilar akstur þeirra hér á landi háum tekjum í ríkissjóð, bæði hvað varðar virðisauka og ekki síst í gegnum þau störf sem bílaleigur skapa. Samtökin hafa einnig lengi bent á að bílaleigubílar eru mikilvæg atvinnutæki til að dreifa ferðamönnun um landið en samhliða aukningu ferðamanna hefur nýskráðum bílaleigubílum fjölgað mikið og er endursala þeirra stór hluti af offramboði á eftirmakaði með bifreiðar. Þá er hlutfall bílaleigubifreiða gríðarlega hátt hér á landi eða um 77 bílar á hverja 1000 íbúa á meðan sama hlutfall er 4-6 á Norðurlöndunum.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Ísland og loftslagsmál frá síðasta ári (2017) kemur fram að á árinu 2015 mátti rekja um fimmtung af losun hérlendis til vegasamgangna. Þá benda samtökin á að uppbygging innviða fyrir bílaleigur, til að færa sig úr hefðbundnum aflagjöfum yfir í umhverfisvænni aflagjafa, flýttir sannarlega fyrir mikilvægum orkuskiptum í vegasamgöngum en bílaleigubílar eru í dag að stærstum hluta knúnir hefðbundnum aflagjöfum.

Samtökin hafa áður bent á, að til að mæta vexti á eftirmarkaði væri æskilegt að fella brott álagningu vörugjalda á bifreiðar sem ætlaðar væru til útflutnings að ákveðnum tíma liðnum eftir nýskráningu og fara samtökin fram á efnahags- og viðskiptanefnd stuðli að slíku fyrirkomulagi. Vörugjöld myndu þá leggjast á bifreiðar sem færu á almenna markað eftir notkun sem bílaleigubílar. Slíkt fyrirkomulag mun á efa stuðla að öruggum bifreiðum og flýta fyrir endurnýjun á bílaflota hér á landi. Einnig benda samtökin að heimila þarf bílaleigum að leigja út bifreiðar á erlendum númerum í ákveðinn tíma árlega til að minnka þrýsting á eftirbílamarkað hér á landi. Slíkt fyrirkomulag myndi án efa einnig hvetja til örari endurnýjunar með öruggari og umhverfisvænni bifreiðum á markaðnum.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson